

Enska 7.LR

Kennarar: Lilja Rut Bech Hlynsdóttir

7

Markmið með þessari lotu er að:

Nemendur öðlist jákvætt hugarfar gagnvart enskri tungu.

Nemendur öðlist sjálfstraust og trú á eigin getu þegar kemur að því að skilja og vinna með enskt tungumál.

Nemendur geti nýtt þau bjargráð sem til eru til að hjálpa sér við að skilja tungumálið eins og orðabækur og orðabækur á netinu.

Nemendur efli;

- orðaforða
- færni til þess að tjá sig munnlega
- færni til þess að tjá sig á rituðu máli
- málfræði

Námsgögn sem við notum:

Action lestrarbók

Action workbook A og B

Ready for action (lestrartextar)

enskar kvikmyndir

Hlustun af mms.is

Grammar workbook C.

Útprentarar æfingar

Gagnvirkar æfingar á netmiðlum.

Kennsluhættir í lotunni:

Hlustun og samræður.

Munnleg og skrifleg tjáning.

Fjölbreytt vinna í verkefnabókum.

Upplstur á ensku.

Kvikmyndir

Námsmat:

Kannanir

Próf

Leiðsagnarmat

Endurgjöf í tímum í formi hvatningar og hróss.

Enska við lok 2. stig

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (einkunn)**

Enska við lok 2. stig - Hlustun

- Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.
- Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.
- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Enska við lok 2. stig - Lesskilningur

- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.
- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.

Enska við lok 2. stig - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
- Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.
- Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

Enska við lok 2. stig - Frásögn

- Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.
- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.

- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Enska við lok 2. stig - Ritun

- Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.
- Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.
- Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.

Enska við lok 2. stig - Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

Enska við lok 2. stig - Náms hæfni

- Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram.
- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.
- Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.